

11. fundur skólaneftdar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 8. september 2010, kl. 14.00 í húsnaði skólans í Ólafsfirði.

Mættir: Helgi Jóhannsson formaður, Sigurður Valur Ásbjarnarson, Aðalsteinn Þór Arnarsson, Hildur Ösp Gylfadóttir, Jónína Magnúsdóttir, Valgerður Ósk Einarsdóttir, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari,

Formaður setti fundinn og byrjaði á að bjóða nýja nefndarmenn velkomna. Því næst færði hann starfsmönnum og stjórnendum skólans þakkir fyrir það starf sem unnið hefur verið í aðdraganda að upphafi skólastarfsins. Undir þetta tók Hildur Ösp. Skólameistari þakkaði fyrir hlý orð. Því næst var dagskrá fundarins kynnt.

Dagskrá:

1. Farið yfir skólabyrjun

Skólameistari gerði grein fyrir undirbúningi skólastarfs og lagði áherslu á að aðstæður hefðu orðið til þess að sumt hefði ekki gengið upp eins og æskilegast hefði verið og álag á starfsmenn hefur verið mikið.

Skólinn er fullsetinn og orðið hefur að vísa nemendum frá. Fjöldi nemenda er því meiri en áætlað var og hópar orðnir of stórir sem gerir kennurum nokkuð erfitt fyrir. Þetta er þó gert í samvinnu við kennara.

Húsgögn eru enn að berast og hefur verið notast við lánshúsgögn og hafa Fjallabyggð og félagasamtök verið mjög liðleg í þeim efnum. Enn vantar ýmislegt af búnaði, t.d. vantar enn símkerfi og lausn á bókasafnsmálum skólans.

Skólameistari lýsti ánægju sinni með frumkvæði nemenda í félagsstarfi þeirra og vel heppnaðan nýnema-/ busadag.

Skólameistari gerði grein fyrir að Kennarasamband Íslands hefur gert athugasemdir við skóladagatal skólans og samninga við kennara þar sem skólinn starfar eftir nýjum lögum og nýrri námskrá.

Skólameistari hefur leitað til menntamálaráðuneytis og stjórnenda í framhaldsskólum vegna þessa. Málið hefur ekki verið leyst og er í vinnslu.

3. Stefnumótun

Skólameistari gerði grein fyrir að allir starfsmenn séu í stefnumótunar- og þróunarstarfi. Óskaði hún eftir að ef skólaneftnd eða nefndarmenn hefðu hugmyndir inn í þróunarvinnuna þá væru þær vel þegnar.

Formaður spurðist fyrir um hvað væri að fréttu af málefnum fisktæknibrautar. Skólameistari upplýsti að búið væri að setja á fót undirbúningshóp vegna stofnunar Fisktækniskóla Eyjafjarðar. Í raun vantar verkefnisstjóra með þekkingu á sviði fiskvinnslu og réttindi til að kenna á framhaldsskólastigi til að skipuleggja og vinna að mótun brautarinnar.

4. Önnur mál

4.1 Foreldrafundur

Samkvæmt skóladagatali var ætlunin að halda foreldrafund í dag. Honum hefur verið frestað og er hugmyndin að reyna að halda hann þegar foreldrar á Siglufirði eiga auðveldara með að komast.

4.2 Samstarf við Tónskóla Fjallabyggðar

Skólameistari kynnti hugmyndir um samstarf við Tónskóla Fjallabyggðar, t.d. að kennsla fari fram í húsnaði Menntaskólans. Þá var viðruð sú hugmynd að flygill sem gefinn var Gagnfræðaskólanum

Ólafsfirði á sínum tíma en nú er staðsettur á Siglufirði, yrði aftur staðsettur í húsnæði Menntaskólans á Tröllaskaga. Hugmyndinni var vel tekið.

4.3 Gjafir

Skólanum hafa borist margar góðar gjafir í tilefni að stofnun skólans. En þær eru:

Akureyrarbær	Ljósmynd af Akureyri eftir Þórhall Jónsson og Saga Akureyrar eftir Jón Hjaltason (4 bindi)
Dalvíkurbyggð	Saga Dalvíkur eftir Kristmund Bjarnason (4 bindi) og Sögu Sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu 1874-1989 (2 bindi)
Fjallabyggð	Myndverk eftir Garúnu
Grýtubakkahreppur	Ljósmynd af Grýtubakkahreppi eftir Hörð Geirsson
Guðbjörg Sigurðardóttir og Kristinn G. Jóhannsson	Þrjú málverk eftir Kristin G. Jóhannsson
Hörgárbyggð	Ljósmynd af Hörgárbyggð eftir Hörð Geirsson
Katrín Sif Andersen	Málverk eftir Bergþór Morthens
Pedrómyndir, Akureyri	Ljósmynd frá Ólafsfirði eftir Gísla Kristinsson
Rammi hf.	1 milljón króna ráðstafað eftir ákvörðun skólans
Sparisjóðir Ólafsfjarðar og Siglufjarðar	500.000 krónur til listaverkakaupa í samráði við skóla
Svalbarðsstrandarhreppur	Ljósmynd frá Svalbarðsströnd eftir Helgu Kvam

Skólanefnd færir gefendum bestu þakkir fyrir þær og hlýhug í garð skólans.

4.4 Samningur við Heilbrigðisstofnunina Fjallabyggð

Gerður hefur verið samningur við Heilbrigðisstofnuna Fjallabyggð um heilsugæsluþjónustu við nemendur skólans.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.50.

Fundargerð ritaði
Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir